

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Bessastaðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 11. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Aðaldælahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Aðaldælahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi og sorpförgunargjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er árlegt sem hér greinir:

- | | |
|---|------------|
| A) Á íbúð | 4.500 kr. |
| B) Sumarbústaðir, hvert hús | 1.500 kr. |
| C) Fyrirtæki samkvæmt eftirfarandi flokkun: | |
| Flokkur a) | 20.000 kr. |
| Flokkur b) | 30.000 kr. |
| Flokkur c) | 40.000 kr. |
| Flokkur d) | 50.000 kr. |

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í gjaldflokka m.a. eftir umfangi og áætluðu magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Aðaldælahrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 11. mars 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.